

**Frjálsi**  
lífeyrissjóðurinn



**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðra endurskoðenda.....	9
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	11
Efnahagsreikningur.....	12
Yfirlit um sjóðstreymi.....	13
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.....	14
Skýringar.....	15
Deildaskipt yfirlit.....	39
Kennitölur.....	42
Sundurliðanir á verðbréfum.....	48
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	53
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2019 (útdráttur).....	55
Stjórnarháttayfirlýsing.....	57

## Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja á milli fjögurra fjárfestingarleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu sem geta falið í sér mismunandi áhættu og ávöxtun.

### Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2018 voru sjóðfélagar 58.629 og fjölgaði þeim um 2.039 á árinu en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 22.730 og fjölgaði þeim um 300 frá fyrra ári. Hrein eign sjóðsins nam 237 milljörðum kr. og stækkaði sjóðurinn um 26,5 milljarða kr. eða 12,6%. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 163,6 milljarðar kr. og hrein eign tryggingadeildar var 73,4 milljarðar kr. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 19,5 milljörðum kr. og jukust um 18,1% á milli ára og heildarlífeyrisgreiðslur námu tæpum 4 milljörðum kr. og hækkuðu um 5,4% á milli ára. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild Bókfært virði	Trygginga- deild Markaðsvirði
Nafnávöxtun .....	4,4%	6,4%	7,1%	4,3%	5,1%	5,6%
Meðaltal nafnávöxtunar sl. 5 ára .....	5,9%	6,1%	5,3%	6,3%	5,7%	6,3%
Meðaltal nafnávöxtunar sl. 10 ára.....	8,4%	7,6%	7,0%	9,3%	7,4%	8,5%
Raunávöxtun .....	1,1%	3,1%	3,7%	1,0%	1,8%	2,3%
Meðaltal raunávöxtunar sl. 5 ára.....	3,8%	4,0%	3,2%	4,2%	3,6%	4,2%
Meðaltal raunávöxtunar sl. 10 ára.....	4,7%	4,0%	3,4%	5,6%	3,8%	4,9%
Hrein eign í milljónum króna .....	117.428	15.080	30.561	491	73.441	
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa .....	47.370	5.490	8.912	227	46.033	
Fjöldi sem greiddi í sjóðinn á árinu .....	16.253	2.494	4.174	186	18.743	
Meðalfj. sem greiddi í sjóðinn á árinu ....	13.159	2.087	3.652	150	15.432	
Fjöldi lífeyrisþega .....	1.103	226	777	7	1.720	

Markhópur	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild
	Yngri en 55 ára	Eldri en 55 ára	Lífeyris- þegar	Áhættu- sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2018:					
Innlend skuldabréf .....	50%	75%	99%	40%	65%
Erlend skuldabréf .....	5%	5%	1%	5%	5%
Innlend hlutabréf .....	20%	12%	0%	25%	19%
Erlend hlutabréf .....	25%	8%	0%	30%	11%
	100%	100%	100%	100%	100%

### Frjálsi lífeyrissjóðurinn vann IPE verðlaun í tólfth sinn

Á árinu 2018 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn í fimmta sinn besti lífeyrissjóður Evrópu á meðal Evrópuþjóða með færri en milljón íbúa af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). Frá árinu 2005 hefur Frjálsi lífeyrissjóðurinn fengið tólf verðlaun frá IPE sem er mesti fjöldi verðlauna sem íslenskum lífeyrissjóði hefur hlotnast.

## Skýrsla stjórnar

### Breyting á fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar og innri endurskoðunar

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið í samráði við rekstraraðila sjóðsins, Arion banka, að breyta fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar sjóðsins frá og með 1. apríl 2019. Í stað þess að rekstraraðili tilnefni starfsmann sinn sem framkvæmdastjóra eins og verið hefur frá stofnun sjóðsins þá mun framkvæmdastjóri vera starfsmaður sjóðsins og ráðinn af stjórn hans. Ástæða þessara breytinga er m.a. að skerpa á sjálfstæði sjóðsins og framkvæmdastjóra gagnvart rekstraraðila og minnka orðsporsáhættu sem rekstrarfyrirkomulagið getur haft í för með sér. Samið hefur verið við Arnald Loftsson um að hann verði áfram framkvæmdastjóri sjóðsins.

Innri endurskoðun sjóðsins hefur verið í höndum innri endurskoðunar rekstraraðilans. Samhliða breytingum á fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar hefur stjórn sjóðsins ákveðið að fela innri endurskoðun sjóðsins endurskoðunarfélagi. Vinnur stjórn sjóðsins að því í samráði við endurskoðunarnefnd að semja við endurskoðunarfélag um að sjá um innri endurskoðun sjóðsins.

### Breytingar á stjórnskipan sjóðsins

Á ársfundi sjóðsins árið 2018 voru samþykktar breytingar á samþykktum um stjórnskipan sjóðsins. Þær fela í sér að í stað þess að fjórir af sjö stjórnarmönnum séu kosnir á ársfundum en þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins verða allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Á ársfundi sjóðsins 2019 verður kosið um fimm stjórnarsæti, þrjú sæti þeirra sem skipaðir eru af rekstraraðila og tvö sæti þeirra sem voru kosin í stjórn sjóðsins til tveggja ára árið 2017. Frá og með ársfundi 2020 verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára með þeirri undantekningu að þriðja hvert ár verður kosið um þrjú stjórnarmenn til tveggja ára. Markmiðið með breytingunum er að auka sjóðfélagalyðræði og minnka þá orðsporsáhættu sem skipun rekstraraðila í stjórn sjóðsins getur falið í sér.

### Ný facebook síða og endurbætt vefsíða á 40 ára afmælisári sjóðsins

Á liðnu ári fagnaði sjóðurinn 40 ára afmæli sínu og voru þá gerðar endurbætur á markaðsefni og vefsvæði sjóðsins. Ný og endurbætt vefsíða leit dagsins ljós og Frjálsi fékk sína eigin Facebook síðu en hvort tveggja gerir sjóðinn betur í stakk búinn til að kynna fyrir almenningi það sem sjóðurinn hefur upp á að bjóða.

Við hönnun nýs vefs Frjálsa var leitast við að koma til móts við þarfir notenda með einfaldari framsetningu og bættu aðgengi að efni og notendavænna viðmóti. Jafnframt var lagt upp með að gera vef sem væri nútímalegur, fræðandi og söluvænlegur. Breytingarnar voru unnar út frá ítarlegri þarfagreiningu á vefsvæði sjóðsins, t.d. með viðtölum við sjóðfélaga, launagreiðendur og stjórnarmenn.

Nýr vefur Frjálsa er frábrugðinn öllum öðrum vefsvæðum íslenskra lífeyrissjóða. Með nýjum vef og nýju útliti hefur sjóðurinn skerpt á sjálfstæði sínu og byggt upp nútímalegri ímynd. Samhliða þessu var stofnuð Facebook síða fyrir Frjálsa sem veitir sjóðnum aukna möguleika á að eiga samskipti við sjóðfélaga og senda sérsníðnar auglýsingar á fyrirfram skilgreindan markhóp eftir hentugleika. Samkvæmt skoðanakönnun Gallup eru rétt tæplega 9 af hverjum 10 Íslendingum (eða 89%) 18 ára og eldri á Facebook. Markmið Frjálsa á Facebook er að geta komið hnitmiðuðum og áhugaverðum skilaboðum til sjóðfélaga og þeirra sem láta sig lífeyrismál varða. Það er gaman að segja frá því að Frjálsi lífeyrissjóðurinn er í öðru sæti lífeyrissjóða með mesta fjölda fylgjenda, þrátt fyrir skamman tíma á þessum samfélagsmiðli og eru forsvarsmenn sjóðsins spenntir fyrir komandi framtíð á þessum nýja vettvangi.

Frjálsi býður einnig sjóðfélögum upp á Míнар síður og launagreiðendum upp á Launagreiðendavef sem eru rafræn svæði þar sem hægt er að framkvæma allar helstu aðgerðir með rafrænum hætti ásamt því að fylgjast með stöðu eftir hentugleika. Notkun á rafrænum þjónustuleiðum sjóðsins hefur aukist töluvert undanfarið ár sem styður við áframhaldandi þróun og betrubótum þar á.

### Ávöxtun árið 2018

Að baki er viðburðarríkt ár á fjármálamörkuðum og er óhætt að segja að ávöxtun ársins 2018 hafi einkenst af töluverðum sveiflum. Sá eignaflokkur sem hækkaði mest á árinu voru löng verðtryggð skuldabréf, en það er annað árið í röð sem verðtryggð skuldabréf gefa betur en óverðtryggð. Samhliða því lækkuðu raunvextir á markaði og kaflaskil urðu í verðbólguþróuninni í desember þegar tólf mánaða verðbólga mældist 3,7%.

Á innlendum hlutabréfamarkaði var frekar dimmt yfir þriðja árið í röð. Á fyrri hluta ársins var ágætis gangur en það tók að breytast með haustinu þegar fréttáflutningur einkenndist af áhyggjum af ferðaþjónustu, væntanlegum kjarasamningum og erfiðleikum íslensku flugfélaganna. Þar má helst nefna fjárhagsvandræði Wow Air, gjaldþrot Primera Air og tvær neikvæðar afkomuviðvaranir Icelandair. Úrvalsvísitala hlutabréfa lækkaði um 1,3% en vísitalan er samsett af þeim átta félögum sem hafa mestan seljanleika í viðskiptum í Kauphöll.

## Skýrsla stjórnar

### Ávöxtun árið 2018, frh.

Síðustu ár hafa verið gæfurík á alþjóðamörkuðum og voru flestir hlutabréfamarkaðir ágætir framan af ári með bandaríska markaðinn í fararbroddi sem í lok september hafði hækkað um 9%. En þegar líða tók á árið tóku markaðir skarpa dýfu og enduðu árið lægri en þeir hófu það í fyrsta sinn í áratug. Allar hlutabréfavisítölur voru með neikvæða ávöxtun fyrir árið í heild, heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 10,2% mælt í bandaríkjadóllar, en hækkaði um 0,5% mælt í íslenskum krónum, sem má rekja til gengisveikingar íslensku krónunnar sem mældist 7,3% á árinu.

Nafnávöxtun fjárfestingaleiða Frjálsa var á bilinu 4,3% til 7,1%. Við samanburð á ávöxtun ber að hafa í huga að ólíkar fjárfestingastefnur gilda fyrir einstakar fjárfestingaleiðir.

**Frjálsi áhætta**, sem er áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins skilaði 4,3% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,3% á ársgrundvelli.

**Frjálsi 1**, sem er stærsta, elsta og fjölmennasta leið sjóðsins skilaði 4,4% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 5,9% á ársgrundvelli.

**Frjálsi 2**, skilaði 6,4% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,1% á ársgrundvelli.

**Frjálsi 3**, skilaði 7,1% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 5,3% á ársgrundvelli. Fjárfestingaleiðin samanstendur af skuldabréfum og innlánum. Ávöxtunina má rekja til hækkunar á innlendum skuldabréfum, þá einkum verðtrygðum skuldabréfum, en vægi þeirra í lok árs nam 94%.

**Tryggingadeild** sjóðsins skilaði 5,1% nafnávöxtun skv. uppgjörsaðferð ársreiknings en 5,6% m.v. að skuldabréf sjóðsins séu gerð upp á markaðsvirði. Fimm ára ávöxtunartölur eru 5,7% og 6,3% á markaðsvirði. Fjárfestingarstefna deildarinnar er frekar varfærin en skv. henni er markmið um eignasamsetningu í skuldabréfum 70% og hlutabréfum 30%.

### Tryggingafræðileg staða batnar

Tryggingafræðileg staða tryggingadeildar er traust en hún hækkaði úr 1,9% í 2,1% á milli ára. Tryggingadeildin náði ekki 3,5% raunávöxtun sem er viðmið tryggingafræðilegra athugana en örorkuskuldbindingin lækkaði á móti og hafði í för með sér að tryggingafræðilega staðan batnaði.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga lauk á árinu 2018 við gerð nýs reiknigrundvallar fyrir mat lífeyrisskuldbindinga. Athugun á reynslu sjóðanna var unnin í samvinnu við Landssamtök lífeyrissjóða og léðu allir íslenskir lífeyrissjóðir gögn til athugunarinnar. Fyrri reiknigrundvöllur sem var frá árinu 2002 byggði aðeins á gögnum frá hluta sjóðanna. Lífslíkur eru nú í fyrsta sinn metnar eftir reynslu þeirra sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum en fram til þessa hefur verið miðað við lífslíkur allra Íslendinga, óháð því hvort þeir eigi réttindi í lífeyrissjóðum. Annað nýmæli er að tekið er mið af því að lífslíkur öryrkja og annarra sjóðfélaga eru mismunandi og þá eru áhrif endurhæfingar sýnd í líkaninu með beinum hætti. Hið nýja líkan metur því skuldbindingar af meiri nákvæmni en eldri nálgun.

Reiknilíkanið er aðlagð að sjóðfélagahópi hvers lífeyrissjóðs um sig með því að aðlaga nýgengi örorku að reynslu sjóðsins. Með því að taka tillit til mismunandi örorkutíðni í hverjum sjóði má skýra stærstan hluta breytileika í lífslíkum sem greina má milli lífeyrissjóða.

Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn leiddi nýtt mat í ljós lægri örorkutíðni en notuð hafði verið sem lækkaði mat á örorkuskuldbindingum. Þar sem örorkutíðni sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins er lægri en meðaltal reiknast lífslíkur sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins yfir meðaltali. Af því leiðir að mat á örorkuskuldbindingum sjóðsins lækkar en mat á eftirlaunaskuldbindingum hækkar. Þar sem réttindakerfi Frjálsa lífeyrissjóðsins veitir stóran hluta eftirlaunaréttinda í bundinni séreign er hluti örorkuskuldbindinga stærrí en almennt gerist, og heildaráhrif breytinga á forsendum leiða til lítilsháttar lækkunar á mati skuldbindinga sjóðsins.

## Skýrsla stjórnar

### Skýrsla Analytica um samanburð á ávöxtun samtryggingarsjóða

Frjálsi lífeyrissjóðurinn óskaði eftir því á árinu 2018 að ráðgjafarfyrtækið Analytica gerði skýrslu um ávöxtun og kostnað sjóðsins í samanburði við nokkra aðra lífeyrissjóði. Tilfnið er samanburður Stefáns Sveinbjörnssonar, sjóðfélaga og framkvæmdastjóra Verslunarmannafélags Reykjavíkur og nefndarmanns í endurskoðunarnefnd annars lífeyrissjóðs, sem hann rakti í erindi sínu á ársfundi Frjálsa lífeyrissjóðsins árið 2018. Þennan samanburð höfðu forsvarsmenn Frjálsa lífeyrissjóðsins ekki séð fyrir fundinn.

Helstu niðurstöður Analytica eru þær að samanburður Stefáns gefi beinlínis ranga og misvísandi mynd af ávöxtun samtryggingardeilda sjóðanna þar sem ekki er tekið tillit til mismunandi uppgjörsaðferða sjóðanna. Þannig er ekki tekið tillit til þess að flestir lífeyrissjóðir gera hluta skuldabréfaeignar sinnar upp á kaupkröfu á meðan aðrir meta skuldabréfasafnið á markaðsvirði. Eftir að leiðrétt hefur verið fyrir markaðsávöxtun skuldabréfa sem gerð eru upp á kaupkröfu innan samtryggingardeilda er 3ja ára meðalávöxtun samtryggingardeilda Frjálsa eftir allan kostnað best á meðal samanburðarsjóðanna, andstætt því sem kom fram í kynningu Stefáns. Á sama tímabili er rekstrar- og fjárfestingarkostnaður Frjálsa hæstur. Stefna Frjálsa er að fjárfesta í sjóðum í virkri stýringu sem oft eru kostnaðarsamari og auka óbeinan fjárfestingarkostnað sjóðsins en hafa aftur á móti heilt yfir skilað sjóðnum góðri ávöxtun. Skoðun Analytica leiddi einnig í ljós að langtímaávöxtun tryggingadeilda Frjálsa og sjóðsins í heild er jafnframt best á meðal sjóða þar sem upplýsingar liggja fyrir um markaðsvirði skuldabréfa þeirra. Skýrsla Analytica er aðgengileg á vef sjóðsins.

### Fjárfestingarstefna 2019

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins lagði í ítarlega vinnu við mótun á fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2019. Niðurstöður þeirrar vinnu fólu í sér að markmið um hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið og stefnt á að auka fjölbreytni erlendra eigna. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa og óskráðra innlendra fjárfestinga. Líkt og síðustu ár fer markmið um hlutfall ríkisskuldabréfa og innlána heldur lækkanði en á móti er lögð meiri áhersla á sértrygð skuldabréf, skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskuldabréf. Hlutfall sjóðfélagálána af heildareignum hefur hækkað undanfarin ár en hefur nú náð ákveðnu jafnvægi.

### Niðurstaða athugunar FME á fjárfestingarferli United Silicon

Fjármálaeftirlitið (FME) gerði athugun á fjárfestingarferli Frjálsa lífeyrissjóðsins í United Silicon til að varpa ljósi á þær ákvarðanir sem sjóðurinn tók í tengslum við fjárfestingu í félaginu og lá niðurstaða stofnunarinnar fyrir í mars 2018. Með hliðsjón af rekstrarfyrirkomulagi lífeyrissjóðsins og hagsmunatengslum rekstraraðila lífeyrissjóðsins við umrædda fjárfestingu var niðurstaða stofnunarinnar sú að lífeyrissjóðurinn hefði ekki horft nægilega gagnrýnum augum á þau hagsmunatengsl sem voru til staðar við fjárfestinguna og af þeim sökum ekki tekið fullnægjandi tillit til þeirrar orðsporsáhættu sem lífeyrissjóðurinn stóð frammi fyrir vegna þessa. Þá taldi stofnunin að skjalfesting á forsendum og umræðum í tengslum við ákvörðun stjórnar hefði verið ófullnægjandi í ljósi þess að lífeyrissjóðurinn og rekstraraðili hans voru báðir hagsmunaaðilar að verkefninu.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins brást við niðurstöðum FME og gerði viðeigandi úrbætur. Fjárfestingarferli sjóðsins var lagað enn frekar að kröfum um gagnsæi og ásýnd vegna orðsporsáhættu, sér í lagi þegar rekstraraðili sjóðsins eða aðilar honum tengdir eru einnig haghafar að fjárfestingarverkefnum. Í því felst meðal annars að í ákveðnum tilvikum verði óskað eftir utanaðkomandi greiningu á fýsileika og áhættu fjárfestinga. Markmið breytinganna er að lágmarka orðsporsáhættu vegna útvistunar á rekstri sjóðsins. Slíkt rekstrarfyrirkomulag er við lýði hjá fimm öðrum lífeyrissjóðum og hefur að mati stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins átt drjúgan þátt í velgengni sjóðsins þá fjóra áratugi sem hann hefur starfað.

Stjórnin hefur einnig breytt starfsreglum sínum þannig að fundargerðir stjórnarfunda veiti gleggri heildarsýn yfir umræður á stjórnarfundum. Ástæða þykir til að leiða skýrt í ljós við ritun fundargerða að sjónarmið og hagsmunir lífeyrissjóðsins séu jafnan í fyrirrúmi við ákvarðanatöku.

## Skýrsla stjórnar

### Mat LBM Mandat á fjárfestingarferli í United Silicon

Þegar United Silicon hf. var tekið til gjaldþrotaskipta í lok janúar 2018 fólu fimm lífeyrissjóðir, sem fjárfestu í uppbyggingu kísilverksmiðjunnar í Helguvík, lögmannsstofunni LMB Mandat að fara yfir fjárfestingarferlið. Stefán Árni Auðólfsson lögmaður skilaði samantekt um vinnu sína í byrjun árs 2019 til sjóðanna. Þar er farið er yfir helstu upplýsingar sem fjárfestum voru veittar og umgjörð fjárfestingarinnar.

Á grundvelli niðurstöðu LMB Mandat, sem lá fyrir á vormánuðum 2018, tóku stjórnir sjóðanna ákvörðun um að kæra Magnús Ólaf Garðarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra United Silicon ehf., enda voru þau brot sem hann er grunaður um talin alvarleg og snúa með öðrum hætti gagnvart sjóðunum heldur en til dæmis félaginu sjálfu. Ábyrgð annarra forsvarsmanna USi mun væntanlega skýrast betur í rannsókn lögreglu í tengslum við kæru á hendur fyrrum framkvæmdastjóra og í slitameðferð félagsins. Stefán Árni leggur til að stjórnir lífeyrissjóðanna taki til skoðunar að krefja Magnús og aðra forsvarsmenn USi um greiðslu skaðabóta. Sjóðirnir hafa lýst kröfum í þrotabú United Silicon ehf. og verður þeim kröfum fylgt eftir.

Í skýrslu Stefáns Árna, sem er aðgengileg á vef sjóðsins, er sérstaklega fjallað um hlut sérfræðinga og ráðgjafa í fjárfestingarferlinu. Þar segir meðal annars; „Ýmislegt hefði mátt vinnast betur hjá sérfræðingum, sem komu að málinu, að því er virðist, og lagt er til að frekari skoðun fari fram á þeim þætti til mats á mögulegri bótaábyrgð“. Þessu hefur lögmaðurinn fylgt eftir með útsendingu afstöðubræfa til viðkomandi aðila og frekari skoðun á fyrirliggjandi gögnum. Hér er fyrst og fremst horft til verkfræðistofa sem fengnar voru til að leggja mat á áætlanir félagsins svo og endurskoðenda þess, en vinna og gögn þessara aðila „mynduðu hluta þess grunnar sem fjárfestingarákvarðanir voru byggðar á“.

Ennfremur er það ein af niðurstöðum skýrslunnar, að mat á umhverfisáhrifum, útgáfa starfsleyfa og gerð fjárfestingarsamnings um ríkisaðstoð og ívilnanir vegna kísilverksmiðjunnar í Helguvík, hafi verið meðal lykilforsendna þess að fjárfestar voru tilbúnir að leggja fé til verkefnisins, „enda hefðu þeir þá mátt telja víst að skilyrði þar að lútandi myndu verða uppfyllt.“ Í ljósi þess hve mikilvægir þessir þættir reyndust er eðlilegt að lífeyrissjóðirnir „kanni rétt sinn gagnvart hinum opinberu aðilum, enda mikilvægt fyrir alla aðila að nokkur lærdómur verði dreginn af þessu“, segir lögmaðurinn. Hér er meðal annars átt við Skipulagsstofnun, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlit ríkisins.

### Rekstrarsamningur við Arion banka birtur á vef sjóðsins

Stjórn sjóðsins ákvað á árinu að birta samning sjóðsins við Arion banka um rekstur og eignastýringu á vef sjóðsins. Bæstist þetta við aðra upplýsingagjöf vegna rekstrarfyrirkomulagsins en í ársreikningi sjóðsins eru ítarlegar upplýsingar um rekstrarkostnað, þ.m.t. þau ákvæði rekstrarsamningsins sem lúta að umsýsluþóknun sjóðsins til Arion banka.

Er þetta hluti af þeirri vegferð sjóðsins að auka enn frekar gagnsæi gagnvart sjóðfélögum. Frjálsi lífeyrissjóðurinn var t.d. fyrsti lífeyrissjóðurinn sem birti sundurliðun á öllum eignum sjóðsins árið 2009 og eru þær upplýsingar uppfærðar ársfjórðungslega á vefsíðu sjóðsins.

### Stjórnarhættir

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttaryfirlýsingu fyrir árið 2018 sem er birt í heild sinni í viðauka við ársreikning sjóðsins en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum, upplýsa haghafa um stjórnarhætti sjóðsins og uppfylla kröfur í reglum FME um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

### Stjórnarlaun, umsýsluþóknun og aðrar þóknanir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2018 námu 16,5 milljónum kr. Umsýsluþóknun til rekstraraðila fyrir rekstur og eignastýringu sjóðsins nam 642 milljónum kr. eða 0,26% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins. Auk þess greiddi sjóðurinn vörsluþóknun til rekstraraðila og nam hún 61 milljón kr. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 2,7 milljónum kr. og þóknun til ytri endurskoðanda 7,9 milljónum kr.

## Skýrsla stjórnar

### Ófjárhagslegar upplýsingar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum. Í lögnum kemur fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið með ófjárhagslegum upplýsingum er að finna í viðauka í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2019

### Í stjórn



Ásdís Eva Hannesdóttir  
stjórnarformaður



Anna Sigríður Halldórsdóttir




Elías Jónatansson



Elín Þórðardóttir



Halldór Friðrik Þorsteinsson



Jón Guðni Kristjánsson



Magnús Pálmi Skúlason

### Framkvæmdastjóri



Arnaldur Loftsson



# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Frjálsa lífeyrissjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innfela skýrslu stjórnar, ófjárhagslegar upplýsingar, fjárfestingarstefnu og stjórnarháttaryfirlýsingu.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Frjálsa lífeyrissjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Kópavogi, 27. mars 2019

**Deloitte ehf.**



Jóhann Óskar Haraldsson  
endurskoðandi



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Iðgjöld</b>	2.4;3		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		6.226.728	5.613.237
Iðgjöld launagreiðenda .....		13.276.518	10.894.929
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(93.417)	(35.551)
		<u>19.409.829</u>	<u>16.472.615</u>
Sérstök aukaframlög .....		198.676	159.693
		<u>19.608.505</u>	<u>16.632.308</u>
<b>Lífeyrir</b>	2.5;4		
Heildarfjárhæð lífeyris .....	4.1	(3.084.684)	(2.933.251)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....	4.2	(114.019)	(105.554)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	4.3	(10.435)	(6.080)
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis .....	4.4	(772.487)	(732.093)
		<u>(3.981.625)</u>	<u>(3.776.978)</u>
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>	2.6;5		
Hreinar tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	5.1-2	459.465	4.469.411
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	5.3-4	10.363.033	8.054.273
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		50.465	41.163
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé .....		718.730	148.955
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		26.271	27.985
Ýmsar fjárfestingartekjur .....		8.367	9.151
Fjárfestingargjöld .....	5.5-6	(312.686)	(277.960)
		<u>11.313.645</u>	<u>12.472.978</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	2.7;6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(432.677)	(380.709)
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		26.507.848	24.947.599
Hrein eign frá fyrra ári .....		210.492.988	185.545.388
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>237.000.836</u>	<u>210.492.987</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>	2.8;7		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum .....	7.1	79.791.434	77.653.033
Skuldabréf .....	7.2-3	145.841.320	124.546.161
Bundnar bankainnstæður .....	2.8 e)	1.017.023	1.011.873
		<u>226.649.777</u>	<u>203.211.067</u>
<b>Kröfur</b>	2.9;8		
Kröfur á launagreiðendur .....		1.192.624	1.099.026
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur .....		52.808	47.422
Aðrar kröfur .....		38.408	33.327
	8.1	<u>1.283.840</u>	<u>1.179.775</u>
<b>Handbært fé</b>			
Handbært fé .....	2.10	<u>9.799.689</u>	<u>6.964.006</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>237.733.306</u>	<u>211.354.848</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>	2.11;9		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur .....		(724.669)	(847.548)
Aðrar skuldir .....		(7.801)	(14.313)
	9.1	<u>(732.470)</u>	<u>(861.861)</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>(732.470)</u>	<u>(861.861)</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>237.000.836</u>	<u>210.492.987</u>
<b>Skuldbindingar utan efnahags</b>	10.1		

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....	3	19.372.692	16.542.112
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....		110.997	146.204
Aðrar inngreiðslur .....		96.704	91.665
		<u>19.580.393</u>	<u>16.779.981</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....	4	3.971.614	3.822.369
Rekstrarkostnaður .....	6	419.853	362.955
Aðrar útgreiðslur .....		470.905	405.305
		<u>4.862.372</u>	<u>4.590.629</u>
<b>Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....</b>		<u>14.718.021</u>	<u>12.189.352</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....		697.627	547.189
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		(22.368.074)	(37.212.107)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		19.983.955	37.925.438
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....		14.153.460	10.948.659
Keypt skuldabréf .....		(40.282.099)	(37.321.075)
Seld skuldabréf .....		15.330.176	15.798.708
Ný bundin innlán .....		(5.150)	329.923
		<u>(12.490.105)</u>	<u>(8.983.265)</u>
Hækkun á handbæru fé .....		2.227.916	3.206.087
Gengismunur af handbæru fé .....		607.767	2.797
Handbært fé í ársbyrjun .....		6.964.006	3.755.122
Handbært fé í lok árs .....		<u>9.799.689</u>	<u>6.964.006</u>

## Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu tryggingadeildar árið 2018

### Tryggingafræðileg staða

#### Skýr

31.12.2018

#### Eignir

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	73.440.504	0	73.440.504
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .....	(1.128.878)	0	(1.128.878)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa ....	(154.317)	0	(154.317)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....	(762.205)	(2.278.553)	(3.040.758)
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	102.139.267	102.139.267
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>71.395.104</b>	<b>99.860.714</b>	<b>171.255.818</b>

#### Skuldbindingar

Ellilífeyrir .....	52.160.532	75.163.291	127.323.823
Örorkulífeyrir .....	11.966.724	19.112.275	31.078.999
Makalífeyrir .....	3.439.328	4.902.132	8.341.460
Barnalífeyrir .....	91.305	941.063	1.032.368
<b>Skuldbindingar samtals .....</b>	<b>67.657.889</b>	<b>100.118.761</b>	<b>167.776.650</b>

Eignir umfram skuldbindingar ..... 3.737.215 (258.047) 3.479.168

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok ..... 5,5% (0,3%) 2,1%

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun ..... 5,1% (0,3%) 1,9%

31.12.2017

#### Eignir

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	63.862.731	0	63.862.731
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa .....	(337.980)	0	(337.980)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa ....	(191.680)	0	(191.680)
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar .....	(489.742)	0	(489.742)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar .....	(611.960)	(1.886.669)	(2.498.629)
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	92.070.952	92.070.952
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>62.231.369</b>	<b>90.184.283</b>	<b>152.415.652</b>

#### Skuldbindingar

Ellilífeyrir .....	44.784.509	65.824.555	110.609.064
Örorkulífeyrir .....	10.860.467	18.677.864	29.538.331
Makalífeyrir .....	3.462.454	4.880.065	8.342.519
Barnalífeyrir .....	90.458	1.053.307	1.143.765
<b>Skuldbindingar samtals .....</b>	<b>59.197.888</b>	<b>90.435.791</b>	<b>149.633.679</b>

Eignir umfram skuldbindingar ..... 3.033.481 (251.508) 2.781.973

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok ..... 5,1% (0,3%) 1,9%

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun ..... 4,9% (0,1%) 1,9%

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frjálsi lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í undantekningartilfellum er vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þær þá felldar inn í aðra undirliði. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

### 2.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

### 2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því ári sem þær eiga sér stað.

### 2.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok ársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur.

### 2.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur séreignadeilda og tryggingadeilda til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri, barnalífeyri og annan lífeyri. Jafnframt viðbótariðgjöld sem ráðstafað er inn á lán eða til öflunar íbúðarhúsnæðis. Auk þess beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

### 2.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

#### a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnlestur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

#### b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 5.5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknarir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

## Skýringar

### 2.6 Hreinar fjárfestingartekjur, frh.

#### c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færðar þóknanir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem bera ábyrgð á daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins og þóknun vegna innri endurskoðunar eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

### 2.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en þóknanir til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

### 2.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og bundnum bankainnstæðum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

#### a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok tímabils, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 7.4 í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

#### b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

#### c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörsárs. Í skýringu nr. 7.2 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

#### d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

